

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Bankastræti 12.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 17. júlí 2018, breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.171.2 vegna lóðarinnar nr. 12 við Bankastræti. Í breytingunni felst að koma fyrir geymslu, sorpgerði og svölum á nýbyggingu á baklóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Nýlendugata 7.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka 1.1 um samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 17. ágúst 2018, breytingu á deiliskipulagi Norðurstígsreits vegna lóðarinnar að Nýlendugötu 7. Í breytingunni felst að lóðarmörkum er breytt vegna viðhalds á gönguleið milli lóða, lóðarstærð Nýlendugötu 7 breytist lítillga, bílastæðum á borgarlandi er fækkað um tvö stæði og eitt bílastæði færast inn á lóð Nýlendugötu 7. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Túngata 15, Landakotsskóli.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 17. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi Landakotsreits vegna lóðarinnar nr. 15 við Túngötu, Landakotsskóli. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Gamla höfnin – Vesturbugt, svæði 06.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 17. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði 06 við Vesturbugt. Samþykkt er minniháttar breyting sem er vegna færslu lóðarmarka og breikkun byggingarreita og svæðis innan lóðarmarka suðaustanmegin við byggingarreit. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Rafstöðvarvegur 37.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 17. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals vegna lóðarinnar nr. 37 við Rafstöðvarveg. Í breytingunni felst að útbúa lóð í kringum áætlað borholuhús á bílaplani bækistöðvar garðyrkju við Rafstöðvarveg 37 og gert ráð fyrir að ný lóð fyrir borholuhús sé Rafstöðvarvegur 37A. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 22. ágúst 2018.*

**Björn Axelsson.**